	Hafnarfjarðarbær
Innk:	20/9 2018
Málsnr:	1708672
Bréfal:	320

Bandalag kvenna Hafnarfirði

19. september 2018

Til: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Frá: Bandalagi Kvenna Hafnarfirði, Mæðrastyrksnefd.
Efni: Húsnæðisaðstaða Mæðrastyrksnefndar, úthlutun í nóvember og desember

Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar leitar til Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um framtíðar húsnæði fyrir starf nefndarinnar frá nóvember til desember ár hvert.


Húsnæðis staða nefndarinnar er sú að við höfum mögulega heimild fyrir því að nýta húsnæði sem áður hýsti leikskólann Kató. Það húsnæði er hvorki hentugt undir starfsemi nefndarinnar á úthlutunartímanum né að fyrir liggja ákvörðun um það hvort það húsnæði standi okkur til boða til framtíðar. Við óskum því eftir samtali við bæjaryfirvöld um framtíðarlausn og varanlegt húsnæði fyrir úthlutunina og aðra starfsemi nefndarinnar á umræddu tímabili ár hvert. Eins og fram hefur komið þarf nefndin aðeins afnot af húsnæði meðan á undirbúning stendur, umsóknardögum og á úthlutunardögum, en tímabilið er frá **1. nóvember til 31. desember ár hvert**. Að öðru leiti höfum við aðgang að fundaraðstöðu Bandalagskvenna í Hafnarfirði, að Hjallabraut 35.

Við teljum mikilvægt að skjólstæðingar okkar viti hvar hægt er að leita til okkar og hvar úthlutun fer fram hverju sinni og teljum við því nauðsynlegt að ræða framtíðaráform, en ekki frá ári til árs. Skjólstæðingar okkar er viðkvæmur hópur, eðli málsins samkvæmt og vonum við að því sé sýndur skilningur.

Mæðrastyrksnefnd vonast eftir jákæðum og skjóttum viðbrögðum bæjarstjórnar í mjög svo aðkallandi og viðkvæmu máli. Undirrituð veitir fúslega frekari upplýsingar um ósk nefndarinnar sé þess þörf og eða það væri til þess fallandi að málið hlyti farsæla lausn.

Virðingarfyllt.

Fyrir hönd Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar



Kristjana Ósk Jónsdóttir, formaður